

Styrkumsóknir til borgarráðs 2016							
	<u>Tengiliður</u>	<u>Efni</u>	<u>Dags. bréfs</u>	<u>Sótt um kr.</u>	<u>Sótt um áður</u>	<u>Tillaga að styrk</u>	<u>Málsnr.</u>
1	Brynja Pétursdóttir	Street dans einvígi 2017	10.11.2016	200.000	Já	200.000	R16120013
2	Hjalti Ómar Ágústsson	Aflið Akureyri	5.12.2016	Ótilgreint	Já	Nei	R16120014

Bjarni Þóroddsson

Frá: Brynja Pétursdóttir <brynjapeturs@gmail.com>
Sent: 29. nóvember 2016 13:48
Til: Styrkir
Efni: Re: Street dans Einvígið 2017

Flokkar: Gulur flokkur

Hæhæ,
ég vil bara athuga hvort þessi umsókn hafi skilað sér á réttan stað?

Bestu kveðjur,
Brynja

2016-11-10 18:51 GMT+00:00 Brynja Pétursdóttir <brynjapeturs@gmail.com>:

Góðan daginn,
ég er sein að senda inn umsókn en þið hafið styrkt við danskeppnina okkar Street dans Einvígið síðan 2012. Hún er haldin árlega og er eina street danskeppnin á landinu fyrir dansara á framhaldsstigi. Þetta er mikilvægur partur af dagatali street dansarans þar sem keppt er í hiphop, break, dancehall, waacking, popping, top rock og frumsömdum atriðum danshópa í hinum ýmsu street dansstílum.

Ég óska eftir 200.000 kr. í styrk en hingað til hafið þið styrkt okkur um 150.000 kr. Kostnaðurinn fer í DJ (55.000 kr.), húsaleigu (45.000 kr.), ljós- og hljóð með tæknimönnum (75.000 kr.), bikara (25.000 kr.) og aðstoð (20.000 kr.)

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá danskeppninni í ár.

Bestu kveðjur,
Brynja
www.brynjapeturs.is

--
Bestu kveðjur,
Brynja
www.brynjapeturs.is

Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins

Aflið, samtök gegn kynferðis og heimilisofbeldi hefur starfað frá árinu 2002. Þjónusta Aflsins er fyrir öll þau sem beitt hafa verið kynferðis- og/eða heimilisofbeldi í sinni víðustu mynd auk þess sem til Aflsins hafa leitað margir þolendur eineltis. Aflið býður einnig ráðgjöf fyrir aðstandendur. Aflið leggur sig fram um að ýta undir og efla umræðu um málefni þolenda ásamt því að taka virkan þátt í fjölbreyttu samstarfi við önnur félög og stofnanir sem að málaflokknum koma sem og að aðstoða nemendur við upplýsingaöflun um efni sem málaflokkinn varðar.

Starfssemi Aflsins gagnvart skjólstæðingum byggir á einkaviðtölum, hópavinnu og forvörnum. Aflið sinnir forvörnum og fræðslu í grunn- og framhaldsskólum, Háskólanum á Akureyri og öðrum stofnunum og fyrirtækjum. Öllum sem til Aflsins leita er boðið upp á ráðgjöf í einkaviðtölum en um er að ræða fyrstu hjálp og ráðgjöf í hvernig takast má á við þá reynslu að vera eða hafa verið beittur ofbeldi. Í kjölfarið er gefinn kostur á þátttöku í sjálfshjálparhóp sem sýnt hefur verið fram á að er mikilvægur þáttur í því ferli að takast á við alvarlegar afleiðingar sem ofbeldi getur haft. Ef þurfa þykir er skjólstæðingum vísað til frekari meðferðar sálfræðinga, fjölskyldufræðinga, geðlækna eða annarra þeirra sem um framhaldsmeðferð eru færir.

Þjónusta Aflsins er veitt brotapolum og aðstandendum að kostnaðarlausu.

Frá upphafi hefur fjöldi þeirra sem til Aflsins leita aukist frá ári til árs. Sem dæmi má nefna að árið 2009 voru 324 einkaviðtöl veitt en árið 2015 voru þau orðin 1309. Ljóst er að það verður einnig fjölgun á yfirstandandi ári en fyrstu 10 mánuðina hafa verið veitt 1217 viðtöl við 122 skjólstæðinga. Um það bil fjórðungur þeirra sem til okkar leita eru búsettir utan Akureyrar og því mikilvægt fyrir öll sveitarfélög að þjónusta Aflsins sé öflug og að við getum haldið áfram að þróa starfið.


Á yfirstandandi ári hefur rekstur Aflsins og starfsemi eflst mjög en framlag ríkissjóðs hefur hækkað til muna frá fyrri árum auk þess sem starfsemin hefur verið flutt í nýtt húsnæði sem löngu var tímabært. Það er þó svo að framlögin nægja ekki til þess sem talist gæti eðlileg þjónusta í málaflokkinum og enn þarf að forgangsraða verkefnum þó búið sé að slökkva flesta þá elda sem starfseminni stafaði mest hætta af. Það er þó svo að töluvert meira fjármagn þarf til að fólk á landsbyggðinni njóti sambærilegrar þjónustu við fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu. Því leitum við nú til ykkar um styrk svo mögulegt sé að halda áfram að þróa Aflið og styðja á sem faglegastan hátt við brotþola ofbeldis í heimabyggð þar sem það getur verið mörgum óyfirstíganlegur þröskuldur að þurfa að fara langar vegalengdir til að leita sér aðstoðar. Þörfin er því miður til staðar og afleiðingar ofbeldis víðtækar og hafa ekki eingöngu áhrif á þann sem því er beittur heldur samfélagið í heild sinni og það er því samfélagsleg ábyrgð okkar allra að stuðla að bættri þjónustu við brotþola og aðstandendur þeirra. Það er einlæg von okkar að þið takið þessu erindi vel og séuð tilbúin til að styðja við starfsemina með fjárstyrk. Öll framlög eru vel þegin.

Með vinsemd og virðingu

Ráðgjafar og stjórn Afllsins
aflidakureyri@gmail.com

AFLIÐ

ÁRSSKÝRSLA 2015



Um Ársskýrslu Aflsins

Í þessari ársskýrslu segir frá þrettánda starfsári Aflsins. Sagt er frá sjálfshjálparstarfinu, fræðslustarfinu og þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki starfseminni. Einnig eru teknar saman tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga auk þess sem farið er yfir fjármál samtakanna. Mikilvægt er að eiga tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga, eðli ofbeldisins og afleiðingar, bæði til þess að greina þörfina fyrir starfsemi Aflsins í samfélaginu og til þess að auka þekkingu okkar allra um málaflokkinn. Árið 2015 fór Aflið að stað með komuskýrslur sem skjólstæðingar þurfa fylla út. Þetta er upphafið að aukinni gagnasöfnun um starfsemina.

Stjórn Aflsins

kjörin á aðalfundi 2015:

Eygló Sigurðardóttir, formaður
Sigrún Finnsdóttir, varaformaður
Sóley Björk Stefánsdóttir, gjaldkeri
Anna Guðný Egilsdóttir, ritari
Elfa Dögg Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Ingibjörg Þórðardóttir, meðstjórnandi
Hilda Hólm Árnadóttir, meðstjórnandi

Aflið

Brekkugata 34, 600 Akureyri
Símar: 461-5959 og 857-5959
Netfang: aflid@aflidak.is
Vefsíða: www.aflidak.is
Ritstýrur: Elfa Dögg Ólafsdóttir og
Ingibjörg Þórðardóttir
Tölfræðiúrvinnsla: Elfa Dögg Ólafsdóttir
Ársreikningur: Sóley Björk Stefánsdóttir
Prentun: Prentsmiðjan.is

Stjórnarpistill	1
Þróun Aflsins	2
Starfsemi Aflsins	4
Tölfræði	13
Fjármál.....	15
Uppgjör ársins 2015	16

Stjórnarpistill

Þegar litið er til baka yfir árið 2015 má segja að velvilji samfélagsins, baráttuvilji kjörinna fulltrúa og samtakamáttur samfélagsins með starfsemi Aflsins sé það sem einkenndi árið. Sveitarstjórnir tíu sveitarfélaga á Norðurlandi samþykktu samróma ályktun um mikilvægi þjónustunnar og þess að tryggja samtökunum aukins fjármags til rekstursins. Einnig var slík ályktun samþykkt af stjórn Eyþings. Á vettvangi Alþingis tóku nokkrir þingmenn saman höndum og náðu í blálök ársins að tryggja mjög aukin framlög árið 2016. Þetta er gríðarmikill sigur fyrir öll okkur sem brennum fyrir þessum málaflokki og mikil viðurkenning á því að sú hugmyndafræði sem starfsemi Aflsins byggist á sé eðlilegur hluti af þjónustuframboði við þolendur ofbeldis.

Á árinu 2015 setti stjórn Aflsins þá stefnu að huga sérstaklega vel að stuðningi við ráðgjafa, m.a. með endurmenntun og sálrænum stuðningi enda var gríðarlega mikið álag síðustu ára farið að taka sinn toll af ráðgjöfum. Auk þess náðist samkomulag við Vinnumálastofnun um ráðningu starfsmanns í 40% starfshlutfall tímabundið til sex mánaða og var það afar mikilvægt skref fyrir samtökin til að rétta úr kútnum eftir langvarandi fjárskort og síaukið álag.

Eftir því sem aðsóknin eykst verður þörfin fyrir faglega þróun, endurmenntun og samstarf við önnur samtök og stofnanir sem málaflokkinum sinna meira aðkallandi á sama tíma og tíminn til að sinna slíku hefur verið af skornum skammti vegna fjárskorts. Á árinu 2015 voru þó tekin mjög ákveðin skref við uppbyggingu og viðhald faglegs tengslanets. Við það verkefni leggjast allir á eitt; starfsfólk og stjórn Aflsins.

Fyrir hönd allra þeirra sem tengst hafa starfsemi Aflsins á árinu færum við hugheilar þakkir til allra þeirra sem stutt hafa við okkur.

Með þökkum
Stjórn Aflsins

Þróun Aflsins



Aflið var stofnað á Akureyri þann 18. apríl 2002 í framhaldi af tilraunastarfsemi Stígamóta og Jafnréttisstofu. Í upphafi störfuðu sjö sjálfboðaliðar hjá Aflinu og einn af núverandi ráðgjöfum, Sæunn Guðmundsdóttir, hefur starfað með samtökunum frá upphafi. Árið 2015 störfuðu tólf manns með samtökunum. Starf stjórnar er unnið í sjálfboðastarfi og eru stjórnarfundir vikulega. Ráðgjafar Aflsins starfa sem

verktakar hjá samtökunum og er þeirra starf fyrst og fremst fólgið í einstaklingsviðtölum en einnig í hópastarfi, forvörnum og fleiri verkefnum samtakanna. Ráðinn var starfsmaður í 40% stöðu þann 1. september sem aðallega sér um samskipti við samstarfsaðila, daglegt utanumhald og önnur tilfallandi verkefni sem eru til þess fallin að styðja við grunnstarfsemi Aflsins.

Í upphafi bauð Aflið skjólstæðingum sínum upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa auk þess sem símavakt hefur verið starfrækt frá upphafi. Einstaklingsviðtölum hefur fjölgað jafnt og þétt frá upphafi og hefur starfsemin margfaldast á undanförunum árum. Hópastarfið hefur alltaf verið stór hluti af grunnþjónustu Aflsins en stundum hefur skort nægilegt fjármagn til að anna eftirspurninni.

Fljótlega bættust við fræðsla og forvarnir á Norðurlandi auk viðburðarvakta víða um land. Undanfarin ár hefur Aflið verið með gönguvaktir á Bíladögum á Akureyri og um verslunarmannahelgina á Akureyri. Einnig hefur slík vakt verið á Fiskideginum mikla á Dalvík og Neistaflugi á Neskaupsstað.

Aflið hefur undarfarin ár haft þjónustusamning við Akureyrarbæ og hefur átt góða samvinnu við bæjaryfirvöld. Í samningnum felst að Aflið fær ákveðna upphæð á ári til rekstursins auk þess sem húsnæðið er í eigu bæjarins. Á móti hefur Aflið verið með viðburðarvaktir á stórum ferðahelgum í bænum. Þar fara ráðgjafar og sjálfbóðaliðar á vegum Aflsins og ganga um bæinn í merktum vestum. Jafnfram hengja þeir upp plaköt með upplýsingum um Aflið á fjölförnum stöðum og eru sýnilegir á viðburðum umræddra helga, sérstaklega á kvöldin. Einnig hafa ráðgjafar frá Aflinu á hverju ári farið í tvo árganga grunnskóla bæjarins og veitt fræðslu um starfsemi Aflsins, hvert hægt er að leita eftir aðstoð ef börn hafa verið beitt ofbeldi auk fræðslu um heimilis- og kynferðisofbeldi. Þetta samstarf Akureyrarbæjar og Aflsins er hluti af þeirri vitundarvakningu sem hefur átt sér stað á undanförunum misserum. Það er Akureyri til sóma að bjóða upp á slíka þjónustu og hvetjum við önnur sveitarfélög til að taka sér Akureyri til fyrirmyndar í þessum efnum. Það er ljóst að fræðsla og umræða um þessi erfiðu mál er mikilvæg í baráttunni gegn afleiðingum ofbeldis og auðveldar aðgengi brotþola og gerenda að þjónustu við hæfi.

Í lok árs 2015 samþykkti Alþingi, framlag til Aflsins af fjárlögum fyrir árið 2016. Þetta eru góð tíðindi fyrir samtökin og gerir það kleift að sinna ýmsum verkefnum betur en áður, t.d. hópastarfi. Þá gerir þetta Aflinu kleift að hafa starfsmann í 50% stöðu á árinu 2016.

Eitt af þeim verkefnum sem hafa verið í þróun á síðustu árum eru söfnun gagna í þeim tilgangi að fá betri yfirsýn yfir ofbeldi, eðli þess og afleiðingar. Árið 2015 voru þróaðar komuskýrslur sem eru umtalsvert yfirgripsmeiri en það sem áður hefur verið skráð hjá Aflinu. Gerðar voru breytingar á þeim í lok árs í þeim tilgangi að geta notað þær af fullum krafti árið 2016. Þessar nýju skýrslur gefa upplýsingar um það ofbeldi sem brotþolar hafa verið beittir, eðli þess og afleiðingar. Þar að auki gefa skýrslurnar ákveðnar upplýsingar um þær manneskjur sem hafa beitt ofbeldinu og eru þær upplýsingar ekki síður mikilvægar fyrir alla þá sem vinna að málefnum er varða kynferðis- og/eða heimilisofbeldi.

Hluti af starfseminni er einnig almenn kynning á þjónustunni og tilveru Aflsins. Dagskráin og N4 Extra hafa stutt starfið með birtingu auglýsinga með engum tilkostnaði fyrir Aflið. Þá hafa ráðgjafar haldið úti virkri Facebooksíðu sem bæði þjónar því hlutverki að vekja athygli á málefnum brotaþola og því að vera mikilvægur snertiflötur við nýja skjólstæðinga. Einnig hafa áður nefndar gönguvaktir mikilvægu hlutverki að gegna í því að auka sýnileika samtakanna.

Aflið heldur úti heimasíðu www.aflidak.is þar sem hægt er að lesa um starfsemina og fylgjast með fréttum um samtökin auk þess að finna upplýsingar um hvernig hægt er að panta tíma hjá Aflinu.

Starfsemi Aflsins

Grunnurinn í allri starfsemi Aflsins er þjónustan við brotaþola og aðstandendur. Ávallt er boðið upp á ráðgjöf í einstaklingsviðtölum. Til þessa hefur konum verið boðið í hópastarf í kjölfar einstaklingsráðgjafar en ekki hefur verið unnt að bjóða upp á hópa fyrir karla eða aðstandendur.

Ráðgjafar Aflsins sækja ráðstefnur og námskeið sér til endurmenntunar. Einnig sækja þeir handleiðslu til fagaðila ásamt því að funda vikulega þar sem farið er yfir yfirstandandi verkefni.



Framkvæmdarnefndin sér um ut anumhald, umsýslu og skipulag samtakanna. Nefndin hittist vikulega þar sem farið er yfir málin og ákvarðanir teknar í samræmi við markmið og lög félagsins.

Hugmyndafræðin á bak við starf Aflsins

Frá upphafi hefur Aflið mætt einstaklingum sem þangað leita á jafningjagrundvelli. Rauði

Þráðurinn í starfinu er sú hugmynd að það fólk sem til okkar leitar er sjálft sérfræðingar í sínu lífi. Litið er á afleiðingar ofbeldisins og áhrif þeirra á líf fólks sem eðlilegar afleiðingar af óeðlilegum aðstæðum. Það að vera beittur ofbeldi er aldrei sök brotþola. Fólk sem hefur verið beitt ofbeldi býr yfir miklum styrk sem það hefur notað til að komast í gegnum ofbeldið og þær afleiðingar sem það hefur haft.

Rannsóknir hafa sýnt að jafningjastuðningur er mikilvægur þáttur í úrvinnslu afleiðinga ofbeldis í bland við stuðning fagaðila og hefur það ávallt verið kjarninn í hugmyndafræði Aflsins. Mikilvægur þáttur í hugmyndafræðinni er að taka mark á reynslu þeirra sem hafa verið beitt ofbeldi án þess að dæma eða skilgreina. Gagnkvæm virðing og að mæta fólki þar sem það er hverju sinni í lífi sínu er grundvallaratriði í starfseminni og við leitumst við að vera fólki samferða í því ferðalagi sem úrvinnsla afleiðinganna er. Þannig felst vinnan fyrst og fremst í því að gera einstaklingana meðvitaða um eigin styrkleika og aðstoða við að nota þá til að breyta og bæta eigið líf. Hver og einn fær þann tíma sem hann eða hún þarf til að vinna úr afleiðingunum.

Í samræmi við þessa hugmyndafræði eru allir ráðgjafar Aflsins líka sjálfir einstaklingar sem beittir hafa verið ofbeldi á lífsleiðinni og hafa unnið með þær afleiðingar sem það hefur haft á líf þeirra. Þar að auki fara allir ráðgjafar Aflsins í gegnum þjálfunarferli og hafa ráðgjafar okkar víðtæka reynslu og menntun sem nýtist þeim vel í starfi auk þess sem þau njóta handleiðslu fagaðila.

Eintaklingsviðtöl

Þegar einstaklingur leitar til Aflsins í fyrsta sinn er boðið upp á eintaklingsviðtal hjá ráðgjafa. Þar fær viðkomandi stuðning við að koma ofbeldisreynslu sinni í orð og skoða þær afleiðingar sem ofbeldið hefur haft. Ráðgjafar Aflsins leggja mikla áherslu á að byggja upp traust milli skjólstæðings og ráðgjafa, til dæmis með virkri hlustun, samkennd og með því að deila að einhverju leyti eigin reynslu, í samræmi við það sem best nýtist þeirri manneskju sem þjónustuna sækir.

Að koma í eintaklingsviðtal er oft fyrsta skrefið sem brotþoli tekur til þess að ná tókum á afleiðingum ofbeldisins. Birtingarmyndir afleiðinganna eru gjarnan skömm, brotin sjálfsmynd, lítil sjálfsvirðing, kvíði, depurð eða önnur vanlíðan. Einstaklingurinn

ræður sjálfur ferðinni í úrvinnslunni með tilliti til þess hve mikinn stuðning hann vill og hve lengi. Konum hefur verið boðið upp á sjálfshjálparhópa ef þeim finnst þær þurfa áframhaldandi stuðning til að vinna úr ofbeldi eftir að hafa verið í einstaklingsviðtölum í einhvern tíma. Einnig er skjólstæðingum bent á fleiri úrræði, svo sem sálfræðinga, geðlækna eða félagsráðgjafa eftir þörfum hvers og eins.

Hópastarf

Frá upphafi hefur hópastarf verið hluti af grunnþjónustu Aflsins og eru slíkir hópar mikilvægur liður í því að rjúfa einangrun brotaþola. Einstaklingar sem hafa reynslu af ofbeldi upplifa oft svipaðar tilfinningar þrátt fyrir ólíka reynslu og í slíkum hópi geta þeir deilt tilfinningum sínum og reynslu og þannig fengið aukinn skilning á þeim.

Hóparnir hittast í 15 skipti í þrjár klukkustundir í senn. Í hvert skipti eru tekin fyrir ákveðin málefni þar sem þátttakendur deila hugleiðingum sínum. Allir sem taka þátt í sjálfshjálparhópum gera það á eigin forsendum og ráða því sjálfir með hvaða hætti þeir takast á við þær afleiðingar sem unnið er með í slíkum hópum. Hver hópur samanstendur af fjórum til sex einstaklingum auk ráðgjafa frá Aflinu. Markmið hópastarfsins er að einstaklingarnir geti sótt styrk til að takast á við þær afleiðingar sem rekja má til ofbeldis. Reynslan af sjálfshjálparhópum hefur verið mjög góð og hafa þátttakendur verið ánægðir með reynslu sína í þeim sem og þær breytingar sem þeir hafa fundið hjá sjálfum sér við þá vinnslu sem þar fer fram. Til þessa hefur einungis konum verið boðið í hópastarf en ekki hefur verið unnt að bjóða upp á hópa fyrir karla eða aðstandendur vegna ónógrar aðsóknar í slíka þjónustu.

Símavakt

Samskipti almennings við Aflið hafa tekið ákveðnum breytingum síðustu árin og vaxandi hlutfall hefur samband í gegnum Facebook eða tölvupóst. Sími Aflsins er opinn allan sólarhringinn eins og verið hefur frá upphafi en hann er, nú orðið, að mestu nýttur til tímabantana. Mikil breyting varð á sí mavaktinni í mars 2015 þegar Sigríður Þórisdóttir ráðgjafi gat ekki lengur sinnt vaktinni vegna veikinda en hún lést í maí síðastliðnum. Sigríður hafði alfarið séð um símann og staðið vaktina allan sólarhringinn alla daga. Erfiðlega hefur reynst að fylla skarð Sigríðar en ráðgjafar skiptast að nokkru leyti á um að vera á sí mavaktinni þó Elfa Dögg Ólafsdóttir beri hitann og þungan af henni.

Forvarnir og fræðsla

Aflið leggur mikið upp úr því að halda úti fræðslu og forvörnum. Það er gert til að efla vitund almennings um hvert brotapolar ofbeldis og aðstandendur geta leitað og hvernig hægt er að fá aðstoð. Einnig er mikilvægt að fræða unga fólkið og efla vitund þess um ofbeldi. Aflið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Akureyrarbæ um fræðslu gegn kynferðis- og heimilisofbeldi í grunnskólum bæjarins. Samtökin sinna fræðslu í 7. og 9. bekkjum grunnskólanna. Einnig er farið með fræðslu í framhaldsskóla, háskóla, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök sé þess óskað. Árið 2015 sinnti Aflið fræðslu fyrir hjúkrunarfræðinema í Háskólanum á Akureyri, Símei, unglinga í skátahreyfingunni og Zontakonur. Ráðgjafi frá Aflinu tók þátt í Jafnréttisdögum í Háskólanum í Reykjavík með kynningarbás um starfsemi Aflsins þar sem spjallað var við gesti og gangandi.

Breytingar í stjórnar- og starfshópnum



Við í Aflinu viljum sérstaklega minnst einnar af okkar sterku baráttukonum. Sigríður Þórisdóttir kom inn í Aflið árið 2003 og uppfra því var hún meira og minna viðloðandi starfsseminna. Árið 2008 tók Sigga sæti í stjórn Aflsins og 2011 tók hún við símavaktinni og var símamær Aflsins nánast óslitið þar til hún lést í maí 2015. Sigga okkar var sterkur liðsmaður Aflsins og ófáum skjólstæðingum hefur hún hjálpað á einn eða annan hátt þennan tíma sem hún starfaði með okkur. Sigga sá um skipulagningu gönguvakta og tók jafnframt þátt í þeim og eru margir sem minnst hennar þar því hún mætti öllum með bros á vör. Þar sem hún var á símavaktinni var hún oft fyrsta hjálp skjólstæðings sem hringdi og alltaf gaf hún sér tíma til að spjalla og finna út á hvaða hátt best væri að hjálpa viðkomandi.

Sigga var sterkur persónuleiki og þrátt fyrir veikindi sín kvartaði hún aldrei eða lét nokkurn bilbug á sér finna. Hún er oft í huga okkar og hennar er sárt saknað innan Aflsins. Hennar starf var ómetanlegt, bæði fyrir okkur í Aflinu og einnig fyrir samfélagið í heild sinni.

Ýmsar breytingar urðu á hópnum á árinu. Fyrst má nefna að Ingibjörg Þórðardóttir, félagsráðgjafi, bættist í hóp ráðgjafa Aflsins í apríl og einnig hóf hún störf sem starfsmaður samtakanna í september.

Ingibjörg er reynslu sinnar og þekkingar vegna mikill fengur fyrir samtökin. Þá byrjaði Sigríður Sveinsdóttir ferli sinn sem ráðgjafi í þjálfun hjá samtökunum á haustmánuðum. Við bjóðum hana einnig velkomna og hlökkum til að fá hana til starfa með okkur á árinu 2016. Á árinu lauk Kristján Hrannar Jónsson þjálfunarferli sínu sem ráðgjafi hjá Aflinu og er hann fyrsti karlmaðurinn sem sinnir starfi ráðgjafa hjá Aflinu. Það er mikilvægt að hafa ráðgjafa af báðum kynjum og bjóðum við Kristján velkomin og hlökkum til að starfa með honum í framtíðinni.



Þá kom Sigrún Finnsdóttir ný inn í stjórn samtakanna á vormánuðum og það gerði einnig Hilda Hólm Árnadóttir og bjóðum við þær báðar velkomnar í hópinn.

Úr stjórn gengu Anna María Hjálmarsdóttir formaður og Margrét Kristín Helgadóttir og þökkum við þeim fyrir samfylgdina. Einnig lét Anna María Hjálmarsdóttir af störfum sem ráðgjafi og þökkum við henni fyrir óeigingjarnt starf í gegnum árin en þess má geta að hún var einn af stofnendum Aflsins.

Samstarf

Undanfarin ár hefur samstarf aukist mikið milli Aflsins og Lögreglunnar á Akureyri annars vegar og Sjúkrahússins á Akureyri hins vegar. Samstarfið er gott á milli allra aðila

og haldnir sameiginlegir fundir. Slíkir fundir fara aðallega fram fyrir viðburði á borð við Bíladaga og aðrar stórar helgar.

Aflið og bráðamóttakan/neyðarmóttakan á Sjúkrahúsinu á Akureyri hafa nú í áraraðir átt í samstarfi. Ef óskað er eftir eru ráðgjafar Aflsins til staðar í því ferli sem við tekur þegar leitað er til neyðarmóttökunnar. Fyrir kemur að starfsfólk neyðarmóttökunnar þurfi að leita til Aflsins vegna skjólstæðinga og fer þá ráðgjafi til að sinna því. Einnig er starfsfólk SAK duglegt að vísa fólki til Aflsins ef við á.

Aflið hefur átt mjög gott samstarf við ýmsa einstaklinga í gegnum tíðina og var engin breyting þar á á þessu ári. Valgerður H. Bjarnadóttir félagsráðgjafi sinnir hóphandleiðslu fyrir ráðgjafa og stjórnmeðlimi hjá Aflinu en ráðgjafar sækja einstaklingshandleiðslu til fagaðila að eigin vali. Einnig hefur Aflið átt góð samskipti við fagaðila vegna skjólstæðinga sinna og má þar nefna geðlækna, sálfræðinga, félagsráðgjafa og lögfræðinga. Þessir aðilar eru duglegir að vísa skjólstæðingum til Aflsins og öfugt. Einnig hefur Aflið verið að styrkja sambandið við félagasamtök í málaflokknum, t.d. Stígamót, Sólstafi, Drekaslóð og Kvennaathvarfið.



Ýmsir viðburðir á árinu

Eins og önnur ár, var árið 2015 viðburðaríkt hjá Aflinu. Má þar nefna að Aflið tók þátt í Akureyrarvöku og seldi kerti til styrktar samtökunum sem í lok hátíðarinnar var kveikt á og raðað í tröppur Akureyrarkirkju.

Aflið tók í fyrsta skipti þátt í Reykjavíkumaraþoninu og hlupu 18 einstaklingar til styrktar Aflinu. Við viljum þakka þeim frábæru hlaupurum sem hlupu fyrir okkur og öllum þeim sem studdu við bakið á þeim og styrktu þannig Aflið með fjárframlagi sínu. Stuðningur ykkar er ómetanlegur og fyrir hann erum við ákaflega þakklát. Alls söfnuðust 266.000 krónur.



Félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttir, kom í heimsókn til Aflsins í maí 2015 og hitti Ingibjörgu og Sóleyju Björk. Á þeim fundi var farið yfir fjárhagsstöðu Aflsins, hugmyndafræðina og hvernig Aflið hefur þjónustað brotþola ofbeldis undanfarin ár. Ráðherra lagði áherslu á mikilvægi þess að vera í samvinnu við aðra sem vinna að málaflokknum og þá sérstaklega

heilbrigðiskerfið og félagsþjónustuna.

Þann 29. og 30. maí stóð Norræna ráðherranefndin fyrir ráðstefnu um langtímaafleiðingar kynferðisofbeldis. Ráðstefnan fór fram í bænum Illulísat á Grænlandi og í henni tóku þátt fjöldi aðila frá öllum Norðurlöndunum sem koma að stuðningi við þolendur kynferðisofbeldis bæði frá opinberum stofnunum og grasrótarsamtökum. Þar sem enginn frá Íslandi hafði tilkynnt þátttöku bauðst Aflinu að senda einn fulltrúa án nokkurs kostnaðar og var það Sóley Björk sem fór fyrir hönd Aflsins. Ráðstefnan stóð yfir í tvo daga en þriðja daginn var boðið upp á ferðir um svæðið með leiðsögn.

Markmið ráðstefnunnar voru annars vegar að auka þekkingu og skilning á langtímaafleiðingum kynferðisofbeldis og hins vegar að mynda tengslanet samtaka og stofnana á Norðurlöndum sem vinna að málefnum þolenda ofbeldis til að miðla reynslu og þekkingu.

Það var mjög áhugavert að fá að taka þátt í ráðstefnunni og var það upplifun fulltrúa Aflsins að Ísland væri mjög framarlega þegar kemur að stuðningi við þolendur kynferðisofbeldis og úrvinnslu langtímaafleiðinga og ekki síður þegar kemur að hinni almennu umræðu um málaflokkinn. Á sama tíma og ráðstefnan fór fram voru netbyltingarnar #konurtala og #þöggun í fullum gangi og í umræðum um mikilvægi þess að þolendur skili skömminni fannst þátttakendum afar spennandi að heyra um hvernig umræðan hafði þróast hér á landi.

Þátttakendur í ráðstefnunni hafa verið í sambandi í gegnum tölvupóst og margir hafa hist á fundum og ráðstefnum síðan. Í gegnum tölvupóstin hefur ýmsum upplýsingum

verið miðlað, m.a. um bækur og tímarit sem málefniinu tengjast en því miður hefur Aflið vegna fjárskorts ekki átt kost á því að sækja fleiri norræna fundi.

Alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi hefur verið haldið um árabíl. Það hefst 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gegn konum, og stendur til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags. Jafnréttisstofa heldur utan um átakið, en markmið þess er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Aflið hefur tekið virkan þátt í átakinu undanfarin ár með ýmsu móti og í ár var haldið málþing í samvinnu við Jafnréttisstofu og Háskólann á Akureyri.

Málþingið fjallaði um aðgerðir gegn ofbeldi í nánu samböndum, heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi og afleiðingum þess á landsbyggðunum. Fjallað var um málefnið frá mörgum hliðum og meðal þeirra sem tóku til máls voru Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, Karen Júlía Sigurðardóttir, sálfræðingur við SAK, Kristján Már Magnússon, sálfræðingur hjá Karlar til ábyrgðar, Ingibjörg Þórðardóttir félagsráðgjafi og starfskona Aflsins og Lísbet Harðar Ólafardóttir, talskona Sólstafa á Vestfjörðum. Veðrið hafði áhrif á málþingið þar sem talskonur að sunnan, Eygló Harðardóttir og Guðrún Ögmundsdóttir, komust ekki til okkar. Eygló ávarpaði þó málþingið með aðstoð tækninnar.

Áhersla Aflsins á málþinginu var kynning á þeirri hugmyndafræði sem Aflið vinnur útfrá, jafningjastuðningi og þeirri þörf sem er fyrir samtök eins og Aflið. Fjallað var um mikilvægi þess að allir þeir aðilar sem koma að því að vinna með brotaþolum og gerendum ofbeldis, vinni saman og séu í tengslum hvert við annað svo að þjónustan verði eins heilsteypt og kostur er. Einnig lögðum við áherslu á þá staðreynd að þjónusta við þessa hópa er mun minni á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og að því þurfi að breyta.

Eftir málþingið var opið hús í Aflinu og var boðið upp á súpu og spjall fyrir gesti. Við þökkum öllum þeim sem komu í heimsókn til okkar kærlega fyrir komuna og einnig þökkum við öllu þeim sem lögðu hönd á plóg til að gera opna húsið að veruleika, bæði einstaklingum sem lögðu til vinnu og fyrirtækjum sem styrktu okkur með hráefni.

Aflið sendi einnig frá sér grein í tengslum við 16 daga átakið og ber hún nafnið “Til hvers jafningjastuðningur við þolendur kynferðis- og heimilisofbeldis” og var birt á vef Fréttablaðsins þann 7. desember. Greinin fjallaði um mikilvægi þess að bjóða bæði uppá

jafningjastuðning og stuðning fagaðila eins og félagsráðgjafa, sálfræðinga og annarra, fyrir brotþola þar sem um ólíkar áherslur í úrvinnslunni er að ræða. Annað kemur ekki í staðinn fyrir hitt.


Það er Aflinu mikilvægt að geta tekið þátt í viðburðum eins og 16 daga áttakinu og fögnum við þessu framtaki og málþinginu sem Jafnréttisstofa hélt að mestu leyti utan um. Í framhaldi af þessu þingi var ákveðið að funda með þeim sem að þessum málaflokki koma á Akureyri og í nágrenni og er Aflið þar með talið og verður spennandi að taka þátt í þeirri teymisvinnu sem þar fer fram.

Tölfræði


Einkaviðtöl

Árið 2015 sinntu sjö ráðgjafar hjá Aflinu einstaklingsviðtölum, þar af sex konur og einn karlmaður. Fólk af báðum kynjum kemur í einstaklingsviðtöl til Aflsins.

Árið 2015 fjölgaði einstaklingsviðtölum um 33,6% frá árinu 2014 sem er rúmlega þriðjungur. Viðtölin voru 1309 talsins og alls komu 209 skjólstæðingar í einstaklingsviðtöl árið 2015.




Tafla 1. Fjöldi Einstaklingsviðtala síðastliðin 5 ár.



Tafla 2. Fjöldi skjólstæðinga síðastliðin 5 ár.

Nýir skjólstæðingar


Nýjum skjólstæðingum fjölgaði á árinu og voru þeir 121 en árið 2014 voru nýir skjólstæðingar 115 sem gerir 5% aukningu milli ára. Árið 2013 voru nýir skjólstæðingar 111 talsins.



Tafla 3. Fjöldi nýrra skjólstæðinga hjá Aflinu árin 2011 til 2015.

Hópastarf

Árið 2015 voru haldnir þrjú sjálfshjálparhópar, sem er fjölgun frá árinu 2014. Í tveimur af hópunum var einn leiðbeinandi en tveir leiðbeinendur í þriðja hópnum. Í heild sóttu 14 skjólstæðingar þá hópa.



Tafla 4. Fjöldi skjólstæðinga sem sóttu hópastarf hjá Aflinu árin 2011 til 2015.

Fjármál

Aflið hefur á undanförunum árum notið velvildar einstaklinga sem gefa mikið af sínum frítíma í vinnu fyrir samtökin. Á það bæði við um stjórn Aflsins, ráðgjafa og velunnara. Þessi framlög í vinnu eru mikilvægur hluti rekstursins.

Styrkir

Fjárhagsstaða Aflsins í byrjun árs var betri en síðustu ár. Það skýrist af viðbótarstyrk frá Velferðarráðuneytinu sem úthlutað var undir lok árs 2014. Skipti sá styrkur sköpum fyrir rekstur samtakanna árið 2015 því framlag frá ráðuneytinu lækkaði milli ára. Líkt og áður hefur komið fram var samningur við Akureyrarbæ í gildi og skilaði það samstarf samtökunum húsnæði og fjármagni sem tryggði forvarnarstarf og gönguvaktir. Aflið var jafnframt styrkt af fjölmörgum öðrum aðilum svosem sveitarfélögum, fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum. Þá skilaði eigin fjáröflun, samstarfsverkefni og útseld þjónusta tekjum á árinu.

Tekjur ársins 2015

Velferðarráðuneytið	3.000.000 kr.	Fyrirtæki	394.599 kr.
Félagasamtök	949.673 kr.	Einstaklingar	226.750 kr.
Akureyrarbær	750.000 kr.	Önnur sveitafélög	150.000 kr.
Eigin fjáröflun	557.075 kr.	Útseld þjónusta	23.000 kr.
Samstarfsverkefni	531.819 kr.	Innvextir	10.933 kr.
		Samtals tekjur:	6.593.849 kr.

Útgjöld

Eins og öll önnur ár eru útgjöld hjá Aflinu en félagið greiðir ráðgjöfum laun fyrir viðtöl, hópastarf, sí mavakt, gönguvaktir og forvarnarfræðslu. Hér fyrir neðan má sjá sundurliðun á útgjöldum Aflsins árið 2015.

Útgjöld ársins 2015

Launagreiðslur til ráðgjafa	5.773.137 kr.	Ferðakostnaður / fundir	139.828 kr.
Laun og launatengd gjöld	957.523 kr.	Námskeið / ferðakostnaður	70.800 kr.
Auglýsingar	50.494 kr.	Handleiðsla	176.000 kr.
Rekstur húsnæðis	185.569 kr.	Kostnaður vegna fjáröflunar	164.447 kr.
		Rekstur húsnæðis/ skrifstofukostnaður	157.154 kr.
Samtals			7.674.952 kr.

Uppgjör ársins 2015

Rekstur Aflsins gekk betur í ár en oft áður. Er það tilkomið vegna sterkari fjárhagsstöðu samtakanna. Var sú staða nýtt til hins ítrasta og reynt að sækja fram í þróun á innra starfi sem setir hafði á hakanum undanfarin ár. Til að mynda sótti starfsfólk Aflsins handleiðslu eftir þörfum allt árið. Slík þjónusta hjálpar starfsfólkinu að takast betur á við starfið og halda því fersku fyrir þá skjólstaðinga sem sækjast eftir þjónustu Aflsins. Bætt fjárhagsstaða hefur þannig í för með sér bætt starfsumhverfi fyrir starfsfólk, ekki síst felst það í aukningu á sókn í námskeið og aðra endurmenntun. Þar má sérstaklega geta framlaga úr menntasjóði sem Soroptimistaklúbbur Akureyrar stofnsetti á árinu.

Hækkun styrkja hefur einnig góð áhrif á þá þjónustu sem er í boði fyrir skjólstæðinga Aflsins. Veitt voru fleiri einkaviðtöl á árinu en nokkurtíman áður án þess að það bitnaði á öðrum þáttum. Þá voru starfræktir fleiri hópar en undanfarin ár þó sú aukning dyggði ekki til enda mikil aðsókn í sjálfshjálparhópa.

Góð fjárhagsstaða og samstarf við Vinnumálastofnun gerði Aflinu kleyft að ráða til sín starfsmann í hlutastarf síðasta hluta ársins. Starfsmaðurinn sá meðal annars um daglega umsýslu Aflsins, endurhannaði eyðublöð til tölfræðisöfnunar og hafði umsjón með samningsviðræðum við Akureyrarbæ í tengslum við nýtt húsnæði, hélt utan um samstarfsverkefni og tók þátt í fjölda funda.

Fjárhagsstaðan árið 2014 varð til þess að tæma þurfti sjóð sem ætlaður var til stofnunar neyðarathvarfs og rekstur þess. Þrátt fyrir styrki og tekjur ársins 2015 reyndist ekki unnt að endurnýja þann sjóð að svo stöddu enda fór allt fjármagn í daglegan rekstur Aflsins.

Staðan um áramótin var 888.808 kr. og er það gott veganesti fyrir upphaf næsta rekstarárs. Er nú þegar búið að skipuleggja upphafs mánuði ársins og hefst starfsemin af krafti strax í janúar. Er það nýlunda þar sem fyrstu mánuðir ársins fóru yfirleitt í að tryggja fjármagn fyrir áframhaldandi starfsemi.

Aflsfólk lætur þó engan bilbug á sér finna og sér sóknartækifæri víða. Það mun starfa áfram af fullum krafti í einkaviðtölum, viðburðavakt og forvörnum enda skila samtökin af sér starfi sem flestir telja ómissandi fyrir samfélagið.

Hér fyrir neðan má sjá uppgjör Aflsins árið 2015.

Rekstarkostnaður	-7.674.952 kr.
Tekjur	6.593.849 kr.
Flutt frá fyrra ári	1.969.911 kr.
Staða við árslok 2015	888.808 kr.



Aflið

Brekkugata 34, 600 Akureyri

Símar: 461-5959 og 857-5959

Netfang: aflid@aflidak.is

Vefsíða: www.aflidak.is

Kæri viðtakandi

Á yfirstandandi ári hefur rekstur Aflsins og starfsemi eflst mjög en framlag ríkissjóðs hefur hækkað til muna frá fyrri árum auk þess sem starfsemin hefur verið flutt í nýtt húsnæði sem löngu var tímabært. Það er þó svo að framlögin nægja ekki til þess sem talist gæti eðlileg þjónusta í málaflokkinum og enn þarf að forgangsraða verkefnum þó búið sé að slökkva flesta þá elda sem starfseminni stafaði mest hætta af. Það er þó svo að töluvert meira fjármagn þarf til að fólk á landsbyggðinni njóti sambærilegrar þjónustu við fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu. Því leitum við nú til ykkar um styrk svo mögulegt sé að halda áfram að þróa Aflið og styðja á sem faglegastan hátt við brotaþola ofbeldis í heimabyggð þar sem það getur verið mörgum óyfirstíganlegur þröskuldur að þurfa að fara langar vegalengdir til að leita sér aðstoðar. Þörfin er því miður til staðar og afleiðingar ofbeldis viðtækar og hafa ekki eingöngu áhrif á þann sem því er beittur heldur samfélagið í heild sinni og það er því samfélagsleg ábyrgð okkar allra að stuðla að bættri þjónustu við brotaþola og aðstandendur þeirra. Aflið gegnir mikilvægu hlutverki sem allir landsmenn geta nýtt sér þegar á þarf að halda.

Hér að neðan má sjá umsagnir samstarfsaðila varðandi hlutverk Aflsins í þjónustu við þolendur ofbeldis

Sigrúnu Sigurðardóttur, lektor við heilbrigðisvísindadeild HA: Umsögn um þjónustu í heimabyggð:

„Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að upplifun þolenda kynferðisofbeldis af því að vinna úr reynslu sinni í heimabyggð með aðstoð og ráðgjöf Sólstafa er jákvæð. Það virðist skipta þolendum máli að geta unnið úr reynslu sinni í heimabyggð, óháð efnahag. Sumir þolendur telja opinbera þjónustu sem stendur til boða á svæðinu kostnaðarsama og biðtíma eftir sérfræðiþjónustu vera of langan. Flestir telja það mikla fyrirhöfn og fjárútlát að leita aðstoðar sjálfshjálparsamtaka á höfuðborgarsvæðinu. Þjónusta Sólstafa hafði jákvæð áhrif á líf þolenda og meirihluta þeirra fannst hún hafa áhrif á líf sitt til hins betra. Nánast allir þolendur voru sáttir við þá þjónustu sem þeir fengu og allir þolendur mæla með þjónustu Sólstafa fyrir aðra þolendur kynferðisofbeldis.“

Lögreglan á Akureyri:

Lögreglan á Akureyri getur staðfest að lögreglan hefur haft gott samstarf við Aflið á Akureyri undanfarin ár í tengslum við kynferðisbrotamál og heimilisofbeldi. Starfsmenn Aflsins hafa leitað til lögreglu með skjólstæðinga sína í tengslum við rannsóknir mála og einnig að sama skapi hefur lögreglan getað leitað til Aflsins við ýmsar úrlausnir og aðstoð við rannsóknir mála. Aflið eru samtök sem hafa sýnt sig í því að vinna ötult starf í þágu þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðis- og/eða heimilisofbeldi.

Geðdeild SAK:

Geðdeild SAK hefur átt gott samstarf við Aflið og tel ég þann stuðning sem ráðgjafar Aflsins veita þolendum ofbeldis mikilvæga viðbót við þá meðferð sem fram fer innan hins opinbera heilbrigðiskerfis.

Slysa- og bráðamóttaka SAK:

Slysa- og bráðamóttaka Sjúkrahússins á Akureyri hefur rekið neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis til margra ára. Góð samvinna hefur verið við Aflið frá stofnun þess.

Samvinnan hefur falist í því að skjólstæðingar neyðarmóttökunnar og þolendur heimilisofbeldis hafa getað notfært sér þá þjónustu sem Aflið hefur upp á að bjóða í formi fræðslufunda og stuðningshópa og það hefur reynst mörgum dýrmætt veganesti til sjálfshjálpar. Starfskonur Aflsins hafa einnig verið í góðri samvinnu við slysa-og bráðmóttökuna í kringum fjölmennar hátíðir í bænum. Látið vita af sinni þjónustu, hvað í henni felst og boðist til að veita þolendum stuðning í gegnum það ferli sem fram fer á slysa-og bráðmóttökunni í kjölfar kynferðisofbeldis, óski þeir þess. Aflið er mikilvæg viðbót við þá þjónustu sem þolendum kynferðis og/eða heimilisofbeldis stendur til boða í bæjarfélaginu og þeir sjálfboðaliðar sem þar starfa þekkja málið af eigin raun og geta miðlað af þekkingu sinni til þeirra sem þurfa.

Sigrún Sigurðardóttir, lektor við Háskólann á Akureyri og doktorsnemi í Lýðheilsuvísindum:

Rannsóknir hafa sýnt að jafningjastuðningur við úrvinnslu ofbeldisreynslu er afar mikilvægur í bland við faglegan stuðning. Einnig hefur verið rannsakað að það skipti máli að þolendur geti unnið úr reynslu sinni í heimabyggð óháð efnahag og flestir þolendur telja að mikil fyrirhöfn og fjárútlát fylgi því að leita aðstoðar sjálfshjálparsamtaka á höfuðborgarsvæðinu en þjónusta í heimabyggð hafi jákvæð áhrif á líf þeirra.

Símei (Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar):

Í Aflinu á Akureyri er unnið gríðarlega mikilvægt starf, það er sýnilegt í samfélaginu og veitir þjónustu sem ekki er hægt að fá annars staðar á svæðinu. Hjá SÍMEY tekur fjöldi manns þátt á námskeiðum á hverju ári og margir einstaklingar nýta ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa. Í slíkum samtölum kemur ýmislegt upp og það hefur reynst okkur dýrmætt að geta bent ráðþegum á þjónustu Aflsins.

Kvennaathvarfið í Reykjavík:

Kvennaathvarfið hefur átt náið, gott og farsælt samstarf við Aflið á Akureyri í gegnum tíðina. Samstarfið hefur að mestu snúist um að aðstoða konur/þolendur ofbeldis í nánum samböndum. Í því starfi hafa starfskonur Kvennaathvarfsins fundið fyrir einlægum vilja Aflskvenna að hjálpa sínum skjólstæðingum á allan mögulegan máta, þær ganga þar jafnvel langt út fyrir verksvið sitt. Við höfum heyrt frásagnir þolenda sem konurnar í Aflinu hafa tekið undir sinn verndarvæng og í þeim kemur ósérhlífni þeirra í starfi berlega í ljós. Við óskum þess að starfsemi Aflins vaxi og dafni til að hægt sé að halda þeirra góða starfi áfram.

Með kærri kveðju og von um þinn stuðning
Sigrún Finnsdóttir, formaður Aflsins
Sóley Björk Stefánsdóttir, varaformaður
Arnar Logi Björnsson, gjaldkeri